

Flúðaskóli hefur unnið að þróunarverkefninu *Orð af orði* skólaárin 2014-15 og 2015-16.

*Orð af orði* er hugmynda-, kennslu- og aðferðafræði sem hefur að markmið að efla orðaforða, lesskilning og námsárangur nemenda í grunnskóla. Það er gert með því að efla málumhverfið í skólanum, kenna nemendum markvissar aðferðir til að sundurgreina texta og orð, hugtakagreina, tengja saman lykilateiri, kortleggja aðalatriði og endurbirta námsefni og orð á fjölbreyttan hátt. Áhersla er lögð á samvinnu og fjölbreyttar kennsluáferðir. Kennarar læra aðferðir og kenna nemendum þær stig af stigi, þróa þær í takt við aðstæður, allt þar til nemendur geta notað aðferðirnar sjálfstætt. Höfundur verkefnisins er Guðmundur Engilbertsson, lektor við Háskólann á Akureyri.

*Orð af orði* hefur verið útfært sem þróunarverkefni í grunnskólum allt frá 1. til 10. bekkjar. Hver skóli lagar hugmyndir og aðferðir verkefnis að starfi skólans, t.d. að mismunandi námssviðum, aldri og aðstæðum. Í verkefninu er námsefni valið út frá markmiðum aðalnámskrár og það nýtt sem efniviður í verkefnavinnunni. Verkefnið felur í sér fræðslu, kennsluefni, ráðgjöf og eftirfylgni.

Fjölmargir skólar hafa tekið þátt og reynsla af verkefninu er góð. Niðurstöður mælinga á lesskilningi, orðaforða og viðhorfum til lesturs sýna jákvæða þróun. Rannsókn sem höfundur gerði (2010) við raunverulegar aðstæður í 4. bekk sýndi fram á að nemendur sem tóku þátt í inngripi fór fram á orðaforðaprófun þar sem lykilaðferðir *Orðs af orði* voru notaðar. Framfarir nemenda voru marktækar (mæling í upphafi og mæling í lok inngrips) og var munur á milli tilraunahóps og samanburðarhóps jákvætt marktækur.